

HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2016, mánudaginn 29. ágúst kl. 15.30, var haldinn 143. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis að Efstaleiti 1, 2. hæð. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson formaður, Sandra Berg Cepero, Bjarni Jónsson, Kristín Elfa Guðnadóttir, Einar Sörli Einarsson (varamaður Elínar Engilbertsdóttur), Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir (tekur sæti Sigurðar Þórðarson) áheyrnafulltrúi.

Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Eyrún Magnúsdóttir frá Ungmennaráði, Morten Lange frá Íbúasamtökum Laugardals, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri þekkingarstöðvar PLH sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Erindi frá borgarstjórn dags. 5. júlí 2016 um breytingu áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina og varamanns hans. Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir tekur sæti sem áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallavina. Jafnframt tekur Sigurður Þórðarson sæti sem varaáheyrnarfulltrúi í stað Karls Sigurðssonar.
2. Betri Hverfi. Sonja Wium gerir grein fyrir stöðunni og næstu skrefum í verkefninu. Auk hennar sátu fundinn undir þessum lið frá umhverfis – og skipulagssviði þau: Guðný Arndís Olgeirsdóttir, Róbert Eyjólfsson og Stefán Finnsson.

– kl. 16.23 yfirgefa þau Sonja, Guðný, Róbert og Stefán fundinn.

3. Erindi dagsett 22. ágúst 2016 um aðalskipulags- og deiliskipulagstillögu um Vogabyggð. Athugasemdarfrestur er til 30. september 2016. Umræðum frestað til næsta fundar og óskað eftir að fá fulltrúa umhverfis – og skipulagssviðs á þann fund.
4. Erindi frá borgarráði um *Tillögu að stefnu Reykjavíkurborgar um frístundastarf* lagt fram til umræðu en umsagnarfræstur rann út 16. ágúst og fékkst ekki framlengdur.

– kl. 16.51 tekur Morten Lange sæti á fundinum sem fulltrúi Íbúasamtaka Laugardals.

5. Erindi frá íbúum við Hraunteig 5 um óviðunandi ástand lóðar við Hraunteig 3. Formaður hverfisráðs sendi ráðinu erindið 16. ágúst 2016. Kynntar eru upplýsingar frá USK um að nýjir eigendur við Hraunteig 3 séu að sækja um breytingar á byggingarleyfum.

Samþykkt að senda eigendum á Hraunteig 5 upplýsingarnar frá USK

Hverfisráðið tekur undir með íbúum á Hraunteig 5 um að ástand lóðarinnar að Hraunteig 3 hafi verið óviðunandi í alltof langan tíma og gagnrýnir jafnframt seinangang borgarinnar í allri úrvinnslu og viðbrögðum í málinu.

6. Erindi dags. 17. ágúst 2016 frá íbúum við Kleppsveg 62 um aðkeyrsluleiðir að bifreiðastæði lagt fram. Erindinu vísað til formlegrar afgreiðslu umhverfis – og skipulagssviðs og óskað eftir svari sem fyrst.
7. Erindi dagsett 2. júlí 2016 frá íbúum um enduropnun brettavallar í Laugarneshverfi.

Samþykkt að óska eftir upplýsingum frá USK um hvort fyrir liggja afstaða borgarinnar um framtíð vallarins. Jafnframt óskar hverfisráðið eftir því að skoðaður verði möguleiki á tímabundinni opnun vallarins eftir formlega grenndarkynningu.

8. Íbúamarkaður Íbúasamtaka Laugardals var haldinn laugardaginn 27. ágúst sl. og var vel sóttur eins og venjulega.

Hverfisráðið færir íbúasamtökunum þakkir fyrir umsjón og framkvæmd viðburðarins sem er til sóma fyrir hverfið.

9. Formaður leggur til fundardaga fyrir næstu fundi ráðsins og að fundir hefjist kl. 16.00. Fundardagar: 26. september, 31. október, 28. nóvember og 19. desember sem yrði sameiginlegur fundur með hverfisráði Háaleitis og Bústaða.

Fundi slitið kl. 17.35

Heiðar Ingi Svansson

Sandra Berg Cepero
Kristín Elfa Guðnadóttir

Bjarni Jónsson
Einar Sörli Einarsson